

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 15. mars 2022

Mál nr. S-284/2021:

**Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra**  
(Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi)  
**gegn**  
**X**  
(Friðrik Smáráson)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, útgefinni 10. maí sl., á hendur X, kt. [...], [...], [...] „fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi, en til vara líkamsárás, og umferðarlagabrot:

### I. 316-2020-003494

Með því að hafa sunnudaginn 24. maí 2020, ráðist að stjúpföður sínum/sambýlismanni móður sinnar, A, kt. [...] og slegið hann ítrekuðum hnefahöggum í andlitið með þeim afleiðingum að fölsku tennurnar köstuðust út úr brotapolu, tekið hann hálstaki, og hert að, og þannig dregið hann úr eldhúsi inn í stofu. Afleiðingar þessa fyrir brotapolu voru að hann hlaut mar í hægri augnkrók, djúpa rispu á nef og sár á nefbrodd, mar á hægri úlnlið, eymsli í kjálkabeini, á hálsvöðva og barkarkýli, eymsli milli rifja framanvert hægra megin, og bólgu yfir hægra herðablaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, en til vara 1. mgr. 217. gr. sömu laga.

### II. 316-2020-004068

Með því að hafa fimmtudaginn 10. júní 2020, ekið óskráðu léttu bifhjóli í flokki II, fastanúmer [...], sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist áfengismagn 1,4‰), austur [...], í [...], en lögregla hafði afskipti af ákærða í kjölfar þess að hann féll af bifhjólinu við [...] og slasaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 49. gr. og 4. mgr. 61. gr., 1. mgr. 72. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til vara 5. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ákærði verði sviptur ökurétti samkvæmt 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.“

Við aðalmeðferð málsins féll ákærvaldið frá ákæru fyrir ölvunarakstur samkvæmt ákærulið II. Þá féll ákærvaldið frá kröfu um heimfærslu brots samkvæmt I. tölulið undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og heimfærir brotið undir 1. mgr.

217. gr. Ákærvaldið féll einnig frá kröfu um greiðslu sakarkostnaðar vegna blóðrannsókna og krefst að því breyttu einungis sakarkostnaðar vegna læknisvottorðs kr. 20.000. Við svo búið játaði ákærði sök fyrir dómi samkvæmt breyttri ákæru. Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum.

- 2 Á grundvelli játningar ákærða var farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og málið tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga. Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem ekki er ástæða til að draga í efa að sé sannleikanum samkvæm, og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem í endanlegri ákæru er lýst og er þar rétt heimfærð til refsíákvæða.
- 3 Við ákvörðun refsingar fyrir brot ákærða samkvæmt ákærulið I. er horft til þess að verknaður ákærða beindist gegn einstaklingi sem er honum nákominn, sbr. 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá var framganga ákærða í umrætt sinn tilefnislaus, en ákærði hefur gefið þá skýringu á háttsemi sinni að þarna hafi brotist út margra ára uppsöfnuð gremja vegna neikvæðrar framkomu brotþola í garð ákærða og móður hans. Ákærði hafi misst stjórn á sér í augnablik vegna þess, en hafi svo séð eftir gerðum sínum. Þykir rétt að horfa til 5. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða fyrir brot það er hann hefur nú verið sakfelldur fyrir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi, en refsing ákærða skal bundin skilorði eins og í dómsorði greinir.
- 4 Samkvæmt sakavottorði ákærða undirgekkst hann sátt hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra 13. júlí 2007 vegna brots gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, þar sem honum var gert að greiða 160.000 krónur í sekt og sæta sviptingu ökuréttinda í 18 mánuði. Þá var ákærði dæmdur til greiðslu 420.000 króna sektar og sviptur ökuréttindum í 3 ár og 6 mánuði með dómi héraðsdóms Norðurlands eystra 15. nóvember 2017. Hafa framangreind brot ákærða ekki ítrekunaráhrif fyrir brot það gegn umferðarlögum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, sbr. II. lið ákæru. Verður ákærði dæmdur til greiðslu 140.000 króna sektar.
- 5 Að kröfu ákærvalds og með vísan til dómsniðurstöðu verður ákærði dæmdur til greiðslu hluta sakarkostnaðar, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda síns, eins og í dómsorði greinir að virðisaukaskatti meðtöldum. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Alla Rún Rúnarsdóttir saksóknarfulltrúi.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við málinu 7. desember sl. en hafði ekki aðkomu að því áður.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, skal sæta fangelsi í 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, X, greiði 140.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tíu daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði 2/3 hluta málsvarnarþóknunar skipaðs verjanda síns, Friðriks Smárásonar lögmanns, 111.600 krónur, og greiði jafnframt 20.000 krónur í annan sakarkostnað. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 1/3 hluti þóknunar skipaðs verjanda, 55.800 krónur.